

Ársskýrsla FIMAK 2017

Í ársbyrjun voru þau Embla Dögg Sævarsdóttir og Ögri Harðarson valin fimleikona- og karl ársins 2016 og voru þau vel að titlinum komin. Um leið nýtti félagið sér ákvæði í nýjum reglum ÍBA og sendi fleiri aðila til kjörs Íþróttamanns Akureyrar og tilnefndi því Guðmund Kára Þorgrímsson einnig til kjörsins.

Stjórnsýsla

Daglegur rekstur félagsins var höndum framkvæmdastjóra, Rutar Jónsdóttur fram til 1. maí en þá tók Snorri Bergþórsson við stöðu framkvæmdastjóra. Stjórn hittist mjög reglulega en haldnir voru 26 stjórnarfundir á árinu ásamt því að nota sér samskiptamiðla og tölvupósta.

Félagið er áberandi, t.d. á heimasíðu og facebook. Einnig eigum við alltaf fulltrúa á formannfundum og þingum FSÍ og formannafundum ÍBA svo eitthvað sé nefnt.

Fimleikafélagið er nýtur velvilja góðra aðila og fyrirtækja. Má þar nefna:

- Akureyrarbær. Aðstaða Fimleikafélagsins er á háu plani á landsmælikvarða og árlegir styrkir frá bænum koma sér vel í rekstri félagsins.
- Höldur - Bílaleiga Akureyrar sem er félaginu gríðarlega mikilvægt og langtímastyrkur þeirra mikils virði.
- Viðskiptabanka félagsins, Landsbankann sem hefur komið félaginu til aðstoðar á margan hátt, t.d. verið félaginu til aðstoðar við yfirferð og annað gagnvart rekstri og gefið verðlaun á Akureyrarfjör.
- KEA sem veitti félaginu styrk í formi 300.000 kr. til reksturs félagsins.
- Sala á auglýsingum/skiltum í salinn hefur gengið nokkuð vel og vonum við að svo verði áfram. Salan er aðallega í formi beinna fjárstyrkja og inneigna.

Undanfarin ár hefur félaginu sárlega vantað fastráðna þjálfara í hóp fimleikum. Á haustdögum fengum við til okkar portúgalskan þjálfara sem hafði samband við félagið um sumarið. Hann hafði verið við kennslu í Ollerup í Danmörku og heyrði af okkur þar. Stjórn í samráði við yfirþjálfara ákvað að ráða hann inn og batt miklar vonir um að fá inn nýja vinkla í það góða starf sem er þegar til staðar.

Annars er félagið nokkuð vel sett þjálfaralega þó svo mikill þjálfaraskortur er í greininni á landinu. Alltaf er brottfall að hausti í þjálfarahópnum og þá sérstaklega vegna þess að þjálfarar fara til náms á höfuðborgarsvæðinu. Þrír nýjir þjálfarar af höfuðborgarsvæðinu voru ráðnir inn um haustið, en þeir eru nemendur við Háskólann á Akureyri.



Iðkendafjöldi fimleikafélagsins var um 600 sem skiptast í rúmlega 30 hópa. Kynjahlutfallið var stúlkum í hag þar sem u.þ.b 65 % iðkenda voru stúlkur. Aldursbilið var frá 3 ára til 18. Þjálfarar félagsins eru um 55 og eru allir launþegar.

Aðalfundur félagsins var haldinn 11. maí í Teríunni í Íþróttahöllinni. Aðalfundinn sóttu 14 manns auk nokkurra þjálfara og stjórnarmeðlima. Fundarstjóri var Unnsteinn Jónsson og fundarritari Lára Halldóra. Á fundinum fóru fram almenn aðalfundastörf.

Hermann Herbertsson gaf kost á sér til áframhaldandi formennsku til eins árs og engin mótframboð bárust. Hermann var því réttkjörinn formaður félagsins.

Á fundinum kynnti Unnsteinn breytingartillögu stjórnar þess efnis að kjörtímabil allra stjórnarmanna lengdist um eitt ár. Leitað var samþykkis fundarins fyrir þessari breytingu. Sú breyting varð þó á stjórn að Agla Egilson hætti stjórnarsetu og eitt framboð var komið til tveggja ára frá Anítu Pétursdóttur og var hún því réttkjörin í stjórn.

Stjórn félagsins færði Öglu þakklætisvott vegna þess mikla starfs sem hún hafði innt af hendi mörg síðustu ár.

Eitt framboð hafði borist í varastjórn frá Þórði Birgissyni. Hrefna Óladóttir gaf kost á sér í varastjórn á fundinum. Voru þau réttkjörnir varastjórnarmenn til eins árs.

Mót og viðburðir

Mót og viðburðir sem haldnir voru á árinu 2017 voru; Þrepamót 3 í 1-3 þrepi, Parkour mót í tengslum við Ak Extreme, Akureyrarfjör Landsbankans, Vorsýning, Subway mót FSÍ í yngri flokkum Hópfimleika og Haustmót FSÍ í áhaldafimleikum hluti I.

Þann 9. apríl, í tengslum við AK Extreme fór fram Parkour mót. Þetta er orðinn árlegur vettvangur Parkour fólks og er haldið í samvinnu FIMAK og AK Extreme. Krýndir voru Akureyrarmeistarar í Parkour.

Dagana 20. apríl - 22. apríl fór fram Akureyrarfjör Landsbankans þar sem öllum iðkendum félagsins 6 ára og eldri gafst kostur að þátttöku. Ekki voru veitt verðlaun hjá iðkendum yngri en 9 ára, heldur fengu allir þátttökuverðlaun. Krýndir voru Akureyrarmeistarar í öllum flokkum og þrepum jafnt í hópfimleikum/stökkfimi og áhaldafimleikum. Aldursbil þátttakenda á mótinu var 6 -16 ára.

Vorsýningin var hin glæsilegasta að vanda undir stjórn Huldu Rúnar Ingvarsdóttur, Karenar Vatnsdal og Mihaelu Bogodoi. Mikið var lagt í sýninguna þetta árið vegna 40 ára afmælis félagsins og var sett upp ljósmynda- og munasýning í anddyri hússins að því tilefni. Sýningarnar voru 4 talsins, dagana 27. – 28. maí og gleði skein úr hverju andliti. Á vorsýningunni gátu aðstandendur keypt ljósmyndir af hópunum.

- Fimleikafélagið sendi keppnishópana sína á flest mót sem haldin voru á vegum FSÍ.



Áhaldafimleikakrakkarnir sóttu Þrepamót, Bikarmót, Íslandsmót og Haustmót. Á Íslandsmótinu átti félagið 28 keppendur en þangað komast aðeins þeir sem náð hafa lágmarkseinkunn hvers þreps eftir FSÍ mót vetrarins 2016-2017.

Innan aldursflokka í áhaldafimleikum sigraðu Martha Mekkín, Sara Mist Hjálmarsdóttir og Margrét Anna Jónsdóttir í sínum flokkum.

Hópfimleikakrakkarnir sóttu Bikarmót unglinga, WOW bikarmót, Subway mót unglinga og Haustmót I. Einnig fóru keppendur á Stökkfimimót, bæði í Reykjavík og á Akranesi. Á bikarmótinu sem fór fram í Stjörnunni sigraði Mfl. B í sinni deild.

Í október fóru 4 iðkendur á úrtökuæfingu FSÍ vegna landsliðsverkefna í hópfimleikum, þau: Embla Dögg Sævarsdóttir, Emilía Björk Jóhannsdóttir, Sóley Dögg Ágústsdóttir og Ögri Harðarson.

Félagið eignaðist einn íslandsmeistara á árinu: Lovísa Þórey Stefánsdóttir varð íslandsmeistari í Stökkfimi.

Eftir að kennslu lauk á vorönn stóð fimleikafélagið fyrir stuttum sumarnámskeiðum þar sem krökkum gafst kostur á að sækja námskeið sem stóðu yfir viku í senn. Í boði voru leikjanámskeið, Parkour og hopp/skopp. Námskeiðin voru vel mjög vel sótt.

Sí- og endurmenntun

Stefna félagsins að halda eitt sérgreinanámskeið FSÍ á hverju ári að lágmarki og að allir þjálfarar hafi menntun innan fræðslukerfis sambandins.

Á árinu sóttu 7 þjálfarar Parkournámskeiðið FSÍ og 2 þjálfarar FSÍ 2B.

Einnig sóttu 5 þjálfarar dómarnámskeið FSÍ.

Einn þjálfari sótti námskeið á vegum ÍSÍ á árinu.

Lokaorð

Í lok ársins varð það ljóst að í september 2018 yrði haldið hér hjá FIMAK, Norðurevrópumót landsliða í áhaldafimleikum karla og kvenna. Verður þetta mikil lyftistöng fyrir félagið og Akureyrarbæ á allan hátt en undirbúningur er þegar hafinn. Fimleikasamband Íslands er mótshaldari en FIMAK framkvæmdaraðili.

Í ársbyrjun 2018 yfirfór stjórn og yfirþjálfari reglur ÍBA og félagsins gagnvart útnefningu á fimleikakonu- og karli vegna ársins 2017. Eftir þá vinnu var ákveðið að í þetta skiptið yrði ekki útnefnt fimleikafólk ársins, þá aðallega vegna þess hversu ungir iðkendur okkar eru en viðmiðunarreglan er sú að slíkar viðurkenningar séu veittar íþróttamönnum 16 ára og eldri.